

Vinnudagur Eyrarskógi / Hrísabrekku 15. Júní 2024

Kæru skógarbúar árlegi vinnudagurinn okkar verður haldinn 15 júní og eru verkefni sem henta öllum í boði.

Dagskrá dagsins er svohljóðandi:

1. Kl. 10:00 mæting við vatnstankana Eyrarskógsmeigin þar sem verkefnum verður úthlutað, þeir sem geta tekið með sér skóflu og hjólbörur mega taka það með. Þeir sem eiga orf ættu að hafa það með sér.
2. Verkefnin sem fyrir liggja er göngustígur á milli E 35 og E 45 bera þarf ofan í stígin og merkja. Meðfram rafmagnsgirðingunni Hrísabrekkumegin þarf að slá lúpínu og tryggja þannig að straumur leiti ekki til jarðar, einnig þarf að rétta og laga hliðið inn á heiðina. Það þarf að mála bekki og brúna og einnig þarf að bera á tráverk í lundinum. Það þarf að grisja gróður og klippa frá vatnslögn á milli E 52 – E 53 til að hægt sé að koma tækjum að til að moka yfir vatnslögnina.
3. Kl. 12:30 verður Grillað í lundinum góða, boðið verður upp á hressingu fyrir alla og tekið smá hlé.
4. Kl. 16:00 er stefnt að verklokum og gefst þá tími til að skifta um föt og pússa á sér nafið.
5. Kl. 17:30 er boðið í árlegt “pálínuboð” að Hrísabrekku 8 og kemur hver með eitthvað skemmtilegt á borðið en boðið verður upp á drykki með veitingunum. Stefnt er á að boðinu ljúki kl. 21:00

Kveðja frá Útivistar og framkvæmdanefnd.